

Velkomin í Mentor

Á hverju hausti fáum við allskyns fyrirspurnir frá notendum sem eru ýmist að byrja að nota kerfið okkar eða hafa notað það áður en lenda í einhverjum vandræðum. Hér eru hagnýtar upplýsingar fyrir ykkur um Mentor kerfið.

Leitaðu ávallt til skólans sem barnið þitt er í ef þú lendir í vandræðum í Mentor. Ef skólinn getur ekki leist málið getur hann haft samband við Mentor og fengið aðstoð.

Minn Mentor

Aðstandendur og nemendur eiga sitt heimasvæði á Mentor sem við köllum Minn Mentor. Hver og einn fer inn á sinni kennitölu og lykilorði þar sem hægt að fylgjast með skólagöngu hjá barninu þínu. Til að komast á þitt heimasvæði ferð þú á heimasíðu Mentors www.infommentor.is og smellir á „Innskráningu“. Notendanafnið er kennitalan þín. Ef þú hefur gleymt lykilorðinu þínu eða ert nýr notandi getur þú smellt á „Gleymt lykilorð“ og slegið inn þinni kennitölu. Þá færðu nýtt lykilorð sent í tölvupósti á netfangið þitt sem skráð er í Mentor. Ef þú færð lykilorðið ekki sent þarftu að hafa samband við skólann og athuga hvort skráning þín sem aðstandanda sé rétt og hvort rétt netfang sé skráð. Hafðu samband við skólann ef það þarf að leiðrétta upplýsingarnar.

Hér fyrir neðan eru hlekkir á myndbönd með leiðbeiningum fyrir foreldra:

Hvernig aðstandendur nálgast lykilorð að Mentor [Sjá myndband.](#)

Stillingar aðstandenda, hvaða upplýsingar mega aðrir aðstandendur í bekknum sjá um mig [Sjá myndband](#)

Minn Mentor, Hvernig virkar kerfið fyrir mig? [Sjá myndband](#)

Stillingar


Þegar þú hefur skráð þig inn getur þú stillt þínar friðhelgisstillingar. Til að gera svo, smellir þú á nafnið þitt í hægra horninu og velur persónuvernd. Þar getur þú stillt hvaða upplýsingar þú vilt að séu sýnilegar fyrir aðra aðstandendur í bekkjarlista. Eldri notendur í kerfinu eru með flestar stillingar opnar en nýir notendur þurfa að stilla þetta sjálfir vegna nýrra persónuverndarlaga. Nafn aðstandanda er sýnilegt en aðrir þættir ekki. Aðstandandi velur þá möguleika sem hann vill að birtist öðrum á bekkjarlista barnsins/barnanna. Það er gert með því að smella á reitina með tölunni 0 og þá breytist dálkurinn, verður fjólublár og sýnir töluna 1.

Persónulegar upplýsingar	Persónuvernd ✔ Vista
Stillingar	Birting á bekkjarlista hjá: Karen Jónsdóttir
Persónuvernd	Hér stjórnar þú hvaða upplýsingar aðrir aðstandendur sjá um þig í bekkjarlistanum. Til að sjá hvernig upplýsingarnar þínar birtast getur þú farið á bekkjarlista barnsins þins og smelt á nafn þess.
App stillingar	Nafn Brynja Baldursdóttir 1
	Heimilisfang Mentorgata 3 0
	Farsímanúmer 1114444 0
	Heimasími 1115555 0
	Persónuverndarstefna Persónuverndarstefnu InfoMentors má nálgast hér.

[Sjá myndband](#)

Nýjar færslur

Í byrjun september geta aðstandendur og nemendur fengið upplýsingar um nýjar færslur í Mentor eins og t.d. um nýtt námsmat, nýja skráningu í heimavinnu ofl. með því að smella á nýja hnappinn „bjölluna“.



The screenshot shows the notification interface of the Mentor app. At the top, there is a purple header with a notification bell icon (4), an envelope icon (3), and the user's name 'Auðunn Auðunsson' with a profile icon. Below the header is a section titled 'TILKYNNINGAR' (Notifications). It contains four notification cards, each with a red 'NÝTT' (New) badge in the top right corner. The first card has a globe icon and says 'Ný frétt' (New news) with a duration of '2 mínútu(m) síðan'. The second card has a book icon and says 'Ný heimavinna' (New homework) with a duration of '3 mínútu(m) síðan'. The third card has a document icon and says 'Nýtt námsmat' (New assignment) with a duration of '22 klukkustundum (s) síðan'. The fourth card has a document icon and says 'Nýtt námsmat' (New assignment) with a duration of '22 klukkustundum (s) síðan'.

Gott að vita

- Til að komast aftur á forsíðuna er smellt á táknið í vinstra horninu.
- Ef þú átt fleiri en eitt barn þá sérðu efst á skjánum hvaða barni gögnin tilheyra. Með því að smella á nafnið getur þú valið annað barn og þá koma upplýsingarnar sem tilheyra því barni. [Sjá myndband](#)
- Til að læra betur á hverja einingu í Mentor, bendum við þér á að fara á [YouTube](#) rás Mentors. Þar er að finna myndbönd fyrir aðstandendur til fróðleiks.
- Einnig er hægt að fara inn á heimsíðu mentors www.infomentor.is og smella á aðstoð. Þar er að finna svör við algengum spurningum.
- Mikilvægt er að aðstandendur haldi lykilorði sínu að InfoMentor fyrir sig og að börnin noti sinn eigin aðgang inn í kerfið. Hafa ber í huga að aðstandendur hafa aðgang að ákveðnum þáttum eins og t.d. að skrá forföll sem börnin hafa ekki og því mikilvægt að tryggja að lykilorð foreldra sé einungis notað af þeim.

Gangi þér vel - InfoMentor